



Þ 10.11.88

## Hvernig skal um konur skrifa

Eftir að Kvinnalistinn kom til skjala og þingstóla hafa menn oftast en ekki klórað sér í höfðinu yfir því, hvernig þær konur skyldi ávarpa í hávaðasamri og ekki alltof kurteislegri umræðu dagsins. Menn hafa allmargir reynt að fjalla um Kvinnalistakonur af varfærni. Þetta hefur komið til af ýmsum ástæðum – sumpart þeirri að í mönnum situr sú gamla sannfæring Bjarts í Sumarhúsum að „kvenkynið er nú einusinni aumara en mannkynið“ – hvað sem þeir hafa annars frétt og látið síast inn í sig í jafnréttisumræðu tímans. Hin ástæðan er sú, að Kvinnalistakonur hafa oftast en ekki verið mjög hörundssárar og brugðist illa við því að menn ræddu um þær með svipuðum hætti og aðrar staðreyndir í pólitíkinni. Þær hafa þá lagt mjög áherslu á það að með því móti væri konum ekki leyft að vera nærstaddar í pólitík „á eigin forsendum“. Og verður þá margur karlhólkurinn klumsa, því edli málsins samkvæmt getur hann ekki vitað í hverju þær forsendur eru ólíkar hans eigin. Étur svo hver úr sínum poka.

## Sjálfsfagnrýni Kvinnalistans

Það var því að mörgu leyti góðs viti að Kristín Ástgeirsdóttir tók upp fróðlega sjálfsfagnrýni á landsfundi Kvinnalistans á dögunum. Hún bæði varaði við óhollri sjálfumgleði og svo því, að það lauslega „grasrótarskipulag“ sem Kvinnalistinn hefur mjög haldið á lofti og verið stoltur af, gæti verið mjög seinvirkt og skapað þá ringulreið að engin vissi lengur hver bæri ábyrgð á

búinn undir viðræður um stjórnarmyndun nú fyrir skemmstu.

## Staða Kvinnalistans

Sjálfsfagnrýni af þessu tagi er vafalaust holl fyrir Kvinnalistakonur sjálfar. Og hún ætti, ef vel til tekst, að bæta umræðuskilyrði um jafnsérstætt og merkilegt fyrirbæri og Kvinnalistinn raunar er. Þessi Klippari hér segir fyrir sína parta: hann hefur náttúrliga aldrei getað hrifist af þeirri meginhugmynd að höfuðandstaður í samfélaginu lægju milli kynjanna en færu ekki eftir þeirri stéttaskiptingu, sem að sönnu er flókin orðin svo að margir hafa misst yfirsýn yfir hana – en hefur engu að síður ráðið mestu um pólitísk áform manna og valkosti í margradda þjóðfélagi. Og honum hefur líka fundist það þreytandi, þegar sá angi feminismandans hefur gert sig gildan hjá Kvinnalistakönnum sem gerir úr karlþjóð einskonar allsherjarfjanda hins góða, fagra, sanna og miskunnssama. En allt um það: sá sem ekki kemur auga á það, að Kvinnalistinn hefur breytt talssvert skemmtilega áherslum og málflutningi í samfélaginu í heild, auk þess sem hann er mikill þáttur í þeirri lotu í vitundarvakningu kvenna sem nú hefur staðið í nær tvo áratugi – hann er í meira lagi glámskyggn á sína samtíð.

## Piparkerlingatal

Óparfi var það hinsvegar fullkominn hjá Alþýðublaðinu að leggja út af sjálfsfagnrýni á landsfundi Kvinnalistans með herfilegum látum og Þórðargleði í þessa veru hér: þetta sögðum við alltaf! En Alþýðublaðið skrifaði leiðara á þriðjudaginn var, þar sem mikið er talað um að nú

og setið hjá í hinum stóru málum. Þær meiningar – sem blaðið hefur vitaskuld allan rétt til – brjótast fram í þessu formi hér:

„Aðdáun á dyggð jómfrúa endist til dæmis ekki til eilífdar. Jómfrú sem heldur áfram að vera jómfrú fram eftir aldri verður ekki eftirsóknarverð jómfrú, hún verður piparkerling. Og það er náttúrliga það sem Kvinnalistinn er að verða: sjálfumglöð piparkerling. Og sjálfumglöðar piparkerlingar eru ekki ýkja eftirsóknarverðar“.

Klausa af þessu tagi er í sjálfu sér ósköp eðlilegt tilefni fyrir Kvinnalistakonur til að segja sem svo: svona skrifa þessir kallar alltaf um okkur. Altént er það víst, að skrif af þessu tagi (og enginn heldur því fram að þau skjóti ekki víðar upp kollinn en í Alþýðublaðinu) eru partur af því þyngdarlög máli lágkúrunnar sem dregur hverja umræðu ofan í fúlan pytt. Kvinnalistinn er ekki heilög kýr, en ef ádrepa á „ábyrgðarleysi“ hans, tregðu á því að koma út úr skjóli stjórnarandstöðu, tekur á sig form af þessu tagi, þá verður aldrei neitt úr umræðu.

## Er pólitík skemmtun?

Leiðarinn sem vitnað var til tíundar ýmislegt fleira í syndaskrá Kvinnalistans. Þar segir meðal annars á þessa leið:

„Flokkur sem lítur á stjórnmál sem félagslega afþreyingu og útrás fyrir óánægju er og verður pólitískur saumaklúbbur“.

Hér skýst Alþýðublaðinu illilega. Flokkur sem ekki getur gert pólitík af félagslegri afþreyingu og veitt óánægju í farveg, hann blátt áfram koðnar niður í leiðindum og skoðanaleysi. Hitt er svo annað mál að það þarf fleira einum flokki til langlífis en þetta tveggja.

07.13